

Mál nr. 149/2004

M

og

Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar fyrirtækisins O

Vinnuslys þegar starfsmaður slasast við að reyna að setjast upp í gjaldkerastól þann 2. apríl 2003.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.8.2004. ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 537/2004.
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla dags.
4. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 30.6. og 31.8. 2004.

Málsatvik.

Skv. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins hafði M ætlað að setjast upp í svokallaðan gjaldkerastól þegar hún var við vinnu sína hjá O og skv. upplýsingum lögreglu þá virðist sem að stóllinn hafi runnið undan M og hún fallið í flísalagt gólf með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Sérstök hvíldargrind er á stólum sem þessum og í skýrslu Vinnueftirlitsins segir að svo virðist sem starfsmenn noti þess grind þegar sest er upp í stóla sem þessa en þessi grind sé tvískipt og skv. upplýsingum stöðvarstjóra á staðnum sem M vann þá hafði annar hluti grindarinnar eða helmingur hennar verið fjarlægður fyrir nokkrum mánuðum vegna bilunar. Vinnueftirlitið telur að aðal orsök slyssins sé að annan hluta hvíldargrindar vanti en starfsmenn noti grindina þegar sest sé upp í stólinn. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V. og byggir kröfur sínar á að um saknæmt athafnaleyzi O sé að ræða þar sem ekki hafi verið tryggt að útbúnaður gjaldkerastóls þess sem hér ræðir um væri fullnægjandi. Af hálfu M er vísað til 20-23 gr. og 37.gr. l. nr. 46/1980 og reglugerð nr. 431/1997. Bent er á af hálfu lögmanns M að umtalsverð hættu gat verið samfara notkun gjaldkerastóla eins og þess sem um ræðir og því skylda O að hafa allan öryggisbúnað í lagi þá er bent á niðurstöðu Vinnueftirlits ríkisins og því haldið fram að vanræksla O á að tryggja öryggi starfsmanna sinna þ.m.t. M sé saknæm og hafi valdið slysi því sem M varð fyrir. Af hálfu V er bent á að hættueiginleikar umrædds gjaldkerastóls séu takmarkaðir og því mótmælt að hættueiginleikar séu fyrir hendi hvað varðar stólinn og notkun hans. Bent er á af hálfu V að hvíldarslá sem var á stólnum hefði verið fjarlægð af helmingi stólsins mörgum mánuðum fyrir slysið og hefði starfsmönnum gengið vel að nota stólinn fram að slysinu og ekki hefði verið kvartað yfir honum og hafi verkstjóri ekki haft ástæðu til að ætla að stóllinn væri hættulegur. V mótmælir því að slá sú sem vantaði á stólinn hafi átt minnsta þátt í slysinu og ekki orsakatengsl á milli meints vanbúnaðar á stólnum og slyssins og á engan hátt hægt að telja að slysið hafi verið sennilega afleiðing meints vanbúnaðar. Loks bendir V á að M hafi unnið í nokkurn tíma hjá O og stóllinn hafi verið búinn að vera með hálfri hvíldargrind í nokkra mánuði og því hafi aðstæður ekki verið framandi M slysið hafi því orðið þar sem að M hafi ekki gáð að sér.

Álit.

M hafði starfað hjá O um nokkurt skeið og stóll sá sem um ræðir var búinn að vera með hálfri hvíldargrind um nokkurra mánaða skeið. M voru því kunnar aðstæður. Ekki verður séð að umræddur stóll sé vanbúinn þó að hálfa hvíldargrindina vanti á hann. Afgreiðslufólki hjá O

mátti og átti að vera ljóst með hvaða hætti setjast þurfti upp í stólinn og vandséð er að um hættueiginleika stólsins sé um að ræða ef gætt er eðlilegrar varkárni við að setjast í hann. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn O hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða á annan hátt orðið valdir af því slysi sem hér ræðir um. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 21.9. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.